



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Þegar fjöldi kóra frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum kemur saman og efnir til glæsilegrar sönghátíðar er það öflugur vitnisburður um ríka tónlistarhefð sem á sér djúpar rætur í menningu okkar og sögu.

Kórsöngur hefur í röska öld verið öflugur þáttur í norrænum vinatengslum og birti einnig á tímum áþjáunar og erfiðleika frelsisþrá í Eystrasaltslöndum; varð svo tákn sjálfstæðis og sigurs í lýðræðisbaráttunni.

Söngurinn hefur tengt saman kynslóðirnar, fært ungu fólki nýjan skilning á arfleifð heimabyggðar og tónskáldin hafa fundið í kórunum frjóan jarðveg fyrir list sína.

Í sérhverri íslenskri byggð hafa kórar mótað mannlíf samfélagsins: karlakórar, kvennakórar, samkórar, kirkjukórar, barnakórar, skólakórar og fleiri gerðir hins skemmtilega samstarfs sem kórar skapa. Fyrir þessa fjölskrúðugu sveit íslenskra kóra er það mikið gleðiefni að bjóða ykkur sem um lengri veg hafa farið velkomin til eyju elds og ísa, landsins þar sem sköpunarkraftar náttúrunnar hafa nýlega minnt rækilega á sig.

Það er Íslendingum öllum líka fagnaðarefni að svo margir kórar frá vinaþjóðum á Norðurlöndum og við Eystrasalt koma nú hingað til hátíðarhalds, til þjálfunar og gagnkvæmra kynna; til að efla menningararfleifð sem setur ríkan svip á þjóðlíf landa okkar.